

SOFFÍA AUÐUR BIRGISDÓTTIR

Hin mörgu gervi æviskrifa

Rýnt í rannsóknasögu sjálfsvæviskrifa¹

Inngangur

Því má halda fram að samruni hins skáldaða og hins sjálfsvævisögulega sé eitt helsta einkenni fagurbókmennta nú á dögum. Tilraunir með sjálfsvæviskrif hafa verið áberandi í íslenskum bókmenntum síðastliðin ár og mörkin á milli sjálfsvævisögu og skáldsögu eru ekki lengur eins skýr og á liðinni öld. Þá hafa rannsóknir á sjálfsvæviskrifum tekið mikinn kipp á síðastliðnum áratugum og óhætt er að fullyrða að fá rannsóknarsvið hafi vaxið álíka hratt sé litið til vettvangs bókmenntafræða. Mörk skáldskapar og ævisögu hafa þó lengi verið dregin í efa og því viðhorfi að öll æviskrif séu óhjákvæmilega lituð skáldskap og allur skáldskapur byggji á ævisögulegri reynslu er víða haldið á lofti bæði af almennum lesendum og fræðimönnum.² Þeir sem halda slíku fram hafa margt til síns máls en þó er engin ástæða til að hafna aðgreiningu þessara tveggja stóru bókmenntaflokka í fræðilegri umræðu. Bent hefur verið á að skilgreiningarmunurinn á skáldsögu og ævisögu liggji ekki síst hjá viðtakanda textans; flestir lesendur gera ólíkar kröfur og hafa ólíkar væntingar til þessara tveggja flokka

¹ Þessi grein er byggð á samnefndum kafla (með annarri undirfyrirsögn) í doktorsritgerð minni, *Ég skapa – þess vegna er ég. Sjálfsmyndir, sköpun og fagurfræði í skrifum Þórbergs Þórðarsonar*, sem varin var 12. maí 2016 við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands. Kaffinn var ekki hafður með í bók minni *Ég skapa – þess vegna er ég. Um skrif Þórbergs Þórðarsonar* og er að mestu leyti samsvarandi doktorsritgerðinni. Hér er kaffinn þó endurskrifaður og sérstaklega litið til strauma í sjálfsvæviskrifum í vestrænum bókmenntum á síðastliðnum áratugum. Allar þýðingar á erlendum tilvitnunum eru mínar.

² Sjá til dæmis Paul de Man, „Autobiography as De-Facement“, *Modern Language Notes* 5/1979, bls. 919–930.



Ritid
3. tbl. 24. árg. 2024 (33–58)
Ritýnd grein

© 2024 Ritid, úmarit Hugvísindastofnunar
og höfundar greinarinnar

Útgefandi:
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.
Tengiliður: ritid@hi.is

DOI: 10.33112/ritid.24.2.3
Birt samkvæmt skilmálum
Creative Commons BY (4.0).

bókmennta.³ Ein lífsseigasta skilgreiningin á sjálfsævisögumni tekur einmitt mið af þessu, að um „sáttmála“ sé að ræða á milli höfundar, útgefanda og lesanda sem felist í því að sá ástæðnefndi geti treyst því að æviskrif vísi til „raunveruleika“ utan textans.⁴ En það er sköndin þverstæða fölginn í því að margir lesendur hafa tilhneigingu til að hafna sjálfsævisögum sem „lygi“ en leita jafnframt logandi ljósi að „raunverulegum“ fyrirmyndum skáldsagnapersóna.⁵

Landamæri skáldskapar og æviskrifa hafa verið mikið til umræðu í bókmenntafræðum undanfarna áratugi, bæði hérlendis sem erlendis. Gunnþórunn Guðmundsdóttir fjallar ítarlega um slík mörk í bók sinni *Borderlines. Autobiography and Fiction in Postmodern Life Writing* (2003) og þar bendir hún á að ein helsta ástæðan fyrir vaxandi vinsældum sjálfsæviskrifa kunni að felast í því að sjálfsæviskrif gefi gott rými fyrir tilraunir og að höfundar sem teljist til ólíkra jaðarhópa hafi margir fundið sér farveg innan þessa opna forms. Ástæðuna telur hún vera að form sjálfsæviskrifa rúmi fjölbreytt gervi (e. *guises*) sem höfundar geti nýtt sér til að taka til umræðu ýmis viðfangsefni sem brenna á samtímanum. Gunnþórunn nefnir til sögunnar málefni á borð við stöðu sjálfsins, tengsl og birtingarmyndir ólíkra þjóðarbrotta (e. *ethnicity*) og kyngerva (e. *gender*), sem og mikilvægar spurningar um samband okkar við fortíðina. Þá tengir hún jafnframt hin fjölbreyttu gervi æviskrifa við póstmóðernisma, en póstmóðernískri list er gjarnan lýst sem list fjölhyggju sem mái út mörk á milli há- og lágmenningar sem og á milli listar og hversdagsreynslu.⁶

Birna Bjarnadóttir hefur í rannsókn sinni á skáldskap og skáldævisögum Guðbergs Bergssonar bent á að það sem geri „fagurfræði skáldævisögunnar erfiða viðfangs er að hún felur í sér markvissar *efasemdir* um gildi vísindalegrar nálgunar“. Hún segir jafnframt: „Sjálft hugtakið *skáldævisaga* er upplýsandi fyrir nálgunarvandann, en það veur ekki einungis meðvitund um óljós mörk lífs og

³ Sjá umræðu í Gunnþórunn Guðmundsdóttir, „Introduction. Autobiography and Fiction“, *Borderlines. Autobiography and Fiction in Postmodern Life Writing*, Amsterdam og New York: Rodopi, 2003.

⁴ Philippe Lejeune, „The autobiographical contract“, *French Literary Theory Today*, [ensk þýðing R. Carter], ritstjóri Tzvetan Todorov, Cambridge og New York: Cambridge University Press, 1982, bls. 192–222.

⁵ Uppgötvu lesendur „skáldskap“ í ævisögum gæti slíkt jafnvel gefið færi á lögsókn; lítið er á slíkan skáldskap sem „lygi“, sem er ekki raunin ef merkimiði textans er „skáldsaga“, þótt undantekningar frá því finnist líka. Hér má minna á skáldsögu Hallgríms Helgasonar, *Konan við 1000?: Heibjörg María Björnsson segir frá*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2011, sem kallað hefur fram ásakanir um að höfundur hafi ekki farið rétt með staðreyndir um þær persónur sem hann byggir skáldskap sinn á.

⁶ Gunnþórunn Guðmundsdóttir, „Introduction. Autobiography and Fiction“, *Borderlines*.

listar, heldur um það hvernig skáldskapurinn sækir að mannsævinni úr tveimur áttum: skáldskapur – ævi – saga.⁷ Birna bendir jafnframt á að á tuttugustu öld hafi „ný hugsun þróast í skilningi á sambandi einstaklings og raunveruleika. *Sjálfið* er ekki lengur hugsað sem staðfesting á sjálfstæðum hugarheimi, heldur er talað um tengsl vitundar og raunveruleika.“⁸ Slíkar hugleiðingar renna sem rauður þráður í gegnum rannsóknarsögu æviskrifa; spurt er um mörk sögulegs veruleika og skáldskapar og spáð í tengsl sjálfs – eða vitundar – við raunveruleikann. Einnig er sífellt tekist á um formlegar skilgreiningar á þeim fjölmörgu afbrigðum af *bókmenntagervum* (e. *literary genre*)⁹ sem rúmast innan æviskrifa og hugleiðingar um sannleiksgildi – og tengsl sannleika og listar – eru einnig áberandi. Ég mun drepa á helstu þætti þessarar umræðu svo yfirsýn fáist en áherslan er fyrst og fremst lögð á þá listrænu úrvinnslu á lífsreynslunni sem samtímafræðimenn keppast nú við að lýsa, greina og túlka út frá ólíkum sjónarhornum og á mismunandi forsendum. Þær rannsóknir allar hafa fætt af sér fjölbreytileg heiti á mismunandi bókmenntagervum sem saman rúmast undir hatti yfirheitisins: *æviskrif*. Þar undir falla líka *skáldæviskrif* þar sem höfundar leika sér vísvitandi á mörkum veruleika og skáldskapar.

Rannsóknir á sjálfsævisögum

„Í vissum skilningi er saga sjálfsævisögunnar saga mannsins um sína eigin sjálfskennd“ skrifar þýski fræðimaðurinn Georg Misch (1878–1965) í bók sinni *Saga sjálfsævisögunnar* (*Geschichte der Autobiographie*) sem kom fyrst út árið 1907.¹⁰ Hinn franski starfsbróðir hans Georges Gusdorf (1912–2000) tekur undir þetta sjónarmið tæpri hálfri öld síðar þegar hann skrifar í greininni „Forsendur og takmörk sjálfsævisögunnar“ („Conditions et limites de l’autobiographie“) að sjálfsævisagan verði aðeins möguleg við vissar frumspekilegar aðstæður. Hann telur sjálfsævisöguna skilgetna afurð menningarbyltingar þar sem mannkynið hefur þróast frá trúnni á lögmál goðsagna og endurtekninga og færst yfir á hið „hættulega“ svið sögulegrar framvindu:¹¹

⁷ Birna Bjarnadóttir, *Holdið hemur andann. Um fagurfræði í skáldskap Guðbergs Bergssonar*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2003, bls. 16.

⁸ Birna Bjarnadóttir, *Holdið hemur andann*, bls. 17.

⁹ Ég kys að nota hugtakið „bókmenntagervi“ fremur en „bókmenntagrein“ fyrir það sem á ensku kallast „literary genre“. Rökstuðning fyrir því má finna í bók minni *Ég skapa – þess vegna er ég. Um skrif Þórbergs Þórðarsonar*, Reykjavík: Opna, 2015, bls. 76–81.

¹⁰ „In a certain sense the history of autobiography is a history of human self-awareness.“ Georg Misch, *A History of Autobiography in Antiquity*, London: Routledge og Keagan Paul Ltd., 1950, bls. 8.

¹¹ Georges Gusdorf, „Conditions and Limits of Autobiography“, *Autobiography. Essays The-*

Hver sá sem tekur sér það vandaverk fyrir hendur að segja frá sjálfum sér veit að nútíðin er frábrugðin fortíðinni og verður ekki endurtekin í framtíðinni; hann verður sér meðvitaðri um það sem aðgreinir en það sem sameinar vegna stöðugra breytinga, vegna óáreiðanleika atburða og manna, hann telur það gagnlegt og mikilvægt að festa niður sína eigin mynd svo hann geti verið viss um að hún hverfi ekki eins og allt annað í þessum heimi. Sagan verður því minning um mannkyn sem stefnir að ófyrirsjáanlegu marki, í baráttu gegn niðurbroti formsins og tilverunnar. Hver og einn einstaklingur skiptir máli í heiminum, hvert og eitt líf og hver og einn dauði; vitnisburður sérhvers manns um sjálfan sig er mikilvægt framlag til hins sameiginlega menningararfs.¹²

Hér er ekki aðeins verið að lýsa ákveðnum frumspekilegum aðstæðum. Ljóst má vera að Gusdorf lítur á sjálfsævisagnaritun sem iðju manna sem eru sannfærðir um eigið mikilvægi og vilja leggja sitt af mörkum til skrásetningar á sögunni af vegferð mannsins að hinu „ófyrirsjáanlega marki“ og um leið reisa sjálfum sér bautastein með skrifunum. Og þannig var lengi litið á sjálfsævisöguna, skilgreiningin var þröng og útilokandi og til varð hefðarveldi bókmenntatexta sem ætíð var haldið á lofti sem nokkurs konar erkidæmum í fræðilegri umræðu um sjálfsæviskrif. Þar fóru fremstir í flokki þeir Ágústínus Árelíus kirkjufaðir og Jean-Jacques Rousseau með *Játningar sínar*.¹³ Hvort verkið um sig var talið marka „upphaf“ hinnar nútímalegu, vestrænu sjálfsævisögu – þrátt fyrir að þrettán aldir skilji verkin að í tíma – hér voru fundnar „fyrsta“ trúarlega sjálfsævisagan og „fyrsta“ veraldlega sjálfsævisagan.¹⁴

oretical and Critical, Princeton: Princeton University Press, 1980, bls. 30. Greinin birtist fyrst á frönsku í *Formen der Selbstdarstellung. Analekten zu einer Geschichte des literarischen Selbstportraits*, Berlin: Duncker & Humblot, 1956.

¹² „The man who takes the trouble to tell of himself knows that the present differs from the past and that it will not be repeated in the future; he has become more aware of differences than of similarities; given the constant change, given the uncertainty of events and of men, he believes it a useful and valuable thing to fix his own image so that he can be certain it will not disappear like all things in this world. History then would be the memory of a humanity heading toward unforeseeable goals, struggling against the breakdown of forms and of beings. Each man matters to the world, each life and each death; the witnessing of each about himself enriches the common cultural heritage.“ Georges Gusdorf, „Conditions and Limits of Autobiography“, bls. 30–31.

¹³ *Játningar* Ágústínusar (354–430) komu út í byrjun fimmtu aldar en voru ritaðar á árunum 397–401. *Játningar* Jean-Jacques Rousseau (1712–1778) komu út í tveimur bindum 1781 og 1789 en höfundur lauk verkinu 1765.

¹⁴ Sjá umræðu um upphaf sjálfsævisagnaritunar til dæmis í: Elizabeth W. Bruss, *Autobio-*

Georg Misch og Georges Gusdorf tilheyra báðir þeim hópi evrópskra fræðimanna sem lagði grunn að vestrænum sjálfsæviskrifafræðum eins og þau voru stunduð langt fram eftir tuttugustu öld. Hugmyndir þeirra eiga sér rætur í hinni cartesísku frumreglu: „Ég hugsa, þess vegna er ég“. Þegar Misch segir sögu sjálfsævisögunnar vera sögu mannsins um sjálfskennd sína þurfum við að hafa í huga að hann byggir á þeim mannskilningi að maðurinn sé frjálgs og ætíð meðvitaður um hugsun sína sem hann telur sig geta beitt af skynsemi og rökvísi. Sá skilningur sem síðar varð til með tilkomu sálgreiningar og marxisma og sýndi að maðurinn er háður ýmsum öflum sem eiga sér uppruna bæði innra með honum sjálfum sem og í ytri aðstæðum hans átti eftir að kollvarpa sýn manna á sjálfsæviskrif.

Þótt sjálfsæviskrif eigi sér langa og flókna sögu þá er tiltölulega stutt síðan til varð sérstakt fræðasvið sem einbeitir sér að rannsóknum á þeim. Bandaríski fræðimaðurinn James Olney kemst skemmtilega að orði þegar hann skrifar, árið 1980, að fræðasviðið hafi ekki einu sinni verið til „í gær, það sé varla nema stundargamalt“.¹⁵ Hann tímasetur upphafið reyndar nákvæmlega og segir fyrstu fræðilegu greinina um sjálfsævisögur vera áður nefnda grein Georges Gusdorf sem birtist árið 1956. Sé tekið mark á Olney er umrætt fræðasvið aðeins ríflega hálftrar aldar gamalt en að sjálfsögðu má segja um tímasetningu hans að hún sýni fyrst og fremst löngun til að finna „upphafið“ eða hinn „eina sanna upprunatexta“ en slíkt er varasamt, eins og Matthías Viðar Sæmundsson hefur bent á um upphaf sjálfsævisagnaritunar:

Þegar sjálfsævisagan er skoðuð kemur í ljós að hún er sprottin upp úr margs konar textagerðum, upphafið er ekki heilt og samfelt heldur ósamstætt, sett saman úr brotum héðan og þaðan. Það má til dæmis sjá

graphical Acts. The Changing Situation of a Literary Genre, Baltimore: John Hopkins University Press, 1976; William C. Spengemann, *The Forms of Autobiography. Episodes in the History of a Literary Genre*, New Haven: Yale University Press, 1980; *Autobiography. Essays Theoretical and Critical*, ritstjóri James Olney, Princeton og New Jersey: Princeton University Press, 1980; Laura Marcus, *Auto/biographical discourses. Criticism, theory, practice*, Manchester og New York: Manchester University Press, 1994; Linda Anderson, *Autobiography*, London og New York: Routledge, 2001; Sidonie Smith og Julia Watson, *Reading Autobiography. A Guide for Interpreting Life Narratives*, Minneapolis og London: University of Minnesota Press, 2001. Einnig Soffía Auður Birgisdóttir, „„Samferðamenn mínir mega fylkjast um mig og hlýða á játningar mínar.“ Nokkur orð um uppruna, eðli og þróun sjálfsævisagnaritunar“, *Andvari*, nýr flokkur 2001, bls. 158–168.

¹⁵ James Olney skrifar: „[...] theoretical and critical literature about autobiography [...] began, in effect, in 1956, which is not even yesterday but only about an hour ago as such matters must be judged“, *Autobiography. Essays Theoretical and Critical*, bls. 7.

af íslenskum sjálfsævisögum 18. aldar en innan þeirra mættust hefðir þjóðsagna, helgisagna og skáldsagna. Þetta veldur því að sögulegt yfirlit er miklum annmörkum háð. Setja verður fyrirvara við hugtök eins og *upphaf*, *uppruna*, *byrjun* og *tíluð*, rétt eins og gildir um skáldsöguna.¹⁶

Þar sem um er að ræða eins unga fræðigrein og raun ber vitni finna margir fræðimenn sig knúna til þess að rekja „þróunarsöguna“ þegar þeir birta rannsóknir sínar á sviðinu – að gera grein fyrir „stöðu þekkingar“. Um leið er fólgin í því tilraun til að setja ný fræði í akademískt samhengi; fræði sem lengst af hafa ekki átt þar vísan samastað. Þetta hefur leitt til þess að þrátt fyrir tiltölulega ungan aldur fræðasviðsins eru til fjölmargar bækur og yfirlitsgreinar sem lýsa tíluðarsögu fræðanna á skilmerkilegan hátt.¹⁷ Bókmenntafræðingurinn William C. Spengemann nefnir í riti sínu *The Forms of Autobiography* þrjú atriði sem hann telur að skýri öran uppgang æviskrifarannsóknna á tuttugustu öld. Í fyrsta lagi nefnir hann mikinn og sívaxandi áhuga almennings á alls kyns æviskrifum á ofanverðri nítjándu öld. Í öðru lagi nefnir hann að þessi áhugi hafi leitt af sér mikla aukningu á skrifum um efnið í bókmenntatímarit. Og í þriðja lagi telur hann kröfu þýska heimspekingsins Wilhelm Dilthey (1833–1911) um að sagnfræðingar nýti sér æviskrif við rannsóknir á sögu mannsins marka tímamót.¹⁸ Það sem tengir þessi þrjú atriði saman að mati Spengemanns er hugmyndin um að tílvera mannsins sé ekki *endurspeglun* á sögunni, heldur sé hún *forsenda* sögunnar; að líf hvers einstaklings sé liður í sífældri þróun sögulegar framvindu og frásögn af því sé því áhugaverð fyrir einstaklinginn sjálfan og mögulega líka fyrir alla aðra.¹⁹

Þótt rekja megi bæði hugmyndir um gildi einstaklingsins sem og sögu æviskrifa langt aftur í aldir er það ekki fyrr en í lok nítjándu aldar sem til verður sá grundvöllur sem æviskrifarannsóknir á tuttugustu öld byggja á. Á fyrstu áratugum

¹⁶ Matthías Viðar Sæmundsson, „Bókmenntir um sjálfid“, *Íslensk bókmenntasaga*, III. bindi, ritstjóri Halldór Guðmundsson, Reykjavík: Mál og menning, 1996, bls. 114.

¹⁷ Auk þeirra bóka sem þegar hafa verið nefndar (nmgr. 14) má benda á eftirtalin greina-söfn: *De/Colonizing the Subject*, ritstjórar Sidonie Smith og Julia Watson, Minneapolis: University of Minnesota Press, 1992, og *Autobiography & Postmodernism*, ritstjórar Kathleen Ashley, Leigh Gilmore og Gerald Peters, Amherst: University of Massachusetts Press, 1994. Fleiri yfirlitsrit mætti nefna en þau sem hér hafa verið nefnd gefa mjög góða yfirsýn yfir fræðasviðið.

¹⁸ Wilhelm Dilthey, *Pattern and Meaning in History. W. Dilthey's Thoughts on History and Society*, New York: Harper og Row, 1960. Sjá einnig Sidonie Smith og Julia Watson, *Reading Autobiography*, bls. 111–119.

¹⁹ William C. Spengemann, *The Forms of Autobiography*, bls. 175–177.

tuttugustu aldar er þróunin stöðug og hröð, fjöldi verka kemur út og í viðtökum þeirra (í ritdómum og greinaskrifum) mótast rannsóknarspurningar sem enn er glímt við í æviskrifafræðum. Spurt er um markmið og gildi slíkra bókmennta, um mörkin á milli hins persónulega og hins opinbera, um sannleiksgildi og listrænt gildi og reynt er að flokka mismunandi formgerðir sjálfævisagna.²⁰ Ofanefnd bók Spengemanns fellur undir það síðastnefnda, eins og titillinn ber með sér, og í henni greinir hann á milli fjögurra ólíkra meginformgerða og nefnir til sögunnar „formlegar“, „sögulegar“, „heimspekilegar“ og „skáldlegar“ sjálfævisögur.²¹ Bók hans er dæmigerð fyrir æviskrifarannsóknir sem leitast við að sundurgreina og flokka tegundir. Slíkar rannsóknir höfðu óhjákvæmilega þær afleiðingar að fleiri verk féllu utan garðs en innan og Spengemann fjallar einungis um ‚viðurkennd‘ verk hvíttra karla, það er að segja verk sem þegar tilheyrðu hefðarúvali bókmenntanna. Um það leyti sem bók hans kom út voru miklar breytingar að eiga sér stað á fræðasviðinu fyrir tilstilli femínískrar bókmenntarýni og þeirra sem rannsökuðu bókmenntir og sögu kvenna, blökkumanna og ýmissa jaðarhópa. Slíkar rannsóknir afhjúpuðu einsleita sýn þar sem einblínt var á verk hvíttra yfirstéttarkarla; formgerðarflokkarnir útilokuðu æviskrif á borð við dagbækur, bréf og minningarit sem konur fengust fremur við en hefðbundin sjálfævisöguskrif.²²

Hvað er sjálfævisaga?

Þeir sem rannsaka sjálfævisöguleg skrif komast ekki hjá því að íhuga formið og fyrsta spurningin sem vaknar lýtur yfirleitt að bókmenntalegri skilgreiningu: Hvað er það sem einkennir þetta bókmenntagervi og greinir það frá öðrum tegundum bókmennta, til að mynda skáldsögum? Þó að hér virðist einföld spurning á ferðinni er henni síður en svo auðsvarað og má í því sambandi nefna að í bókinni *Reading Autobiography* birta þær Sidonie Smith og Julia Watson, sem báðar eru þekktir fræðimenn á sviði sjálfæviskrifa, lista yfir 52 mismunandi gervi æviskrifa (e. *life narrative*).²³ Þær taka þó fram að listinn sé ekki tæmandi en á honum er að finna hugtök og skilgreiningar sem komið hafa fram í skrifum

²⁰ Sama heimild, bls. 177–178.

²¹ „The Formal Paradigm“, „Historical Autobiography“, „Philosophical Autobiography“ og „Poetic Autobiography“. Undir síðastnefnda flokkinn falla reyndar einnig skáldsögur í sjálfævisagnaformi, Spengemann fjallar hér til dæmis um skáldsögurnar *David Copperfield* eftir Charles Dickens og *The Scarlet Letter* eftir Nathaniel Hawthorne.

²² Sjá til dæmis inngang Lauru Marcus að *Auto/biographical discourses. Theory, criticism, practice*.

²³ Sidonie Smith og Julia Watson, „Fifty-two Genres of Life Narrative“, *Reading Autobiography*, bls. 183–207.

bæði höfundu sjálfs/ævisögulegra texta sem og fræðimanna.²⁴ Á listanum má finna kunnugleg heiti, svo sem *endurminningar* (e. *memoirs*), *dagbækur* (e. *diary*), *bréf* (e. *letters*), *játningar* (e. *confession*) og *varnarrit* (e. *apology*), en einnig má sjá þar önnur heiti sem koma ókunnulegar fyrir sjónir, svo sem *sjálfsfeigðarsögur* (e. *autothanatography*) og *hefðáttaðverasögur* (e. *oughtabiography*).²⁵ Sumar tegundirnar sem þær nefna myndum við yfirleitt skilgreina sem nokkurs konar hliðargreinar við sjálfsævisöguna (til að mynda dagbækur og bréf) fremur en að þær „heyrdðu undir“ hana beint. Allt félli þetta síðan undir skilgreiningu sem sagnfræðingar nota gjarnan; „persónulegar heimildir“. Aðrar tegundirnar þætti okkur eflaust nærtækara að skilgreina sem undirflokkja sjálfsævisögunnar sem væri þá hið yfirskipaða heiti á greininni á sama hátt og skáldsaga er yfirskipað heiti á bókmenntagervi sem notað er yfir hinar fjölbreytilegustu tegundir skáldaðra frásagna.

Dótt þær Sidonie Smith og Julia Watson nefni 52 mismunandi tegundir æviskrifa bjóða þær hins vegar einnig upp á mun einfaldari þrískipta flokkun sem margir notast við enda eru hugtökin gegnsæ og auðskiljanleg. Þær greina á milli æviskrifa (e. *life writing*), *sjálfsæviskrifa* (e. *life narrative*) og *sjálfsævisagna* (e. *autobiography*).²⁶ Stærsti flokkurinn nær yfir æviskrif af öllu tagi. Hér er um að ræða nokkurs konar yfirhugtak því í flokkinn falla öll skrif sem hafa ævi einstaklings að viðfangsefni. Hér er því ekki aðeins um að ræða ævisögur, sjálfsævisögur, skáldævisögur og annars konar ævisöguleg skrif heldur einnig skáldsögur og sagnfræðirit að því gefnu að þau fjalli um ævi tiltekinna persónu, hvort sem hún er raunveruleg eða skálduð. Flokkurinn sjálfsæviskrif er að sjálfsögðu mun þrengri því í hann falla aðeins *sjálfsvísandi* (e. *self-referential*) skrif. Í þessum flokki eru sem sagt hvorki ævisögur sem höfundur skrifar um einhvern annan en sjálfan sig né heldur skáldsögur eða sagnfræðirit. Í flokkinn falla hins vegar alls kyns sjálfsævisöguleg og persónuleg skrif; sjálfsævisögur, skáldævisögur, sannsögur, endurminningar, dagbækur og bréf, svo nokkuð sé nefnt. Skilgreiningin sjálfsævisaga er svo enn þrengri því þennan flokk fylla aðeins frásagnir sem uppfylla ákveðin skilyrði. Hér er átt við tiltekna tegund bókmennta sem hefur að leiðarljósi ákveðinn skilning á mannlegu sjálfi. Gjarnan er talað um „hefðbundnar“ sjálfsævisögur til aðgreiningar frá þeim sem gera tilraunir með formið. Þessi tegund

²⁴ Á þeim ríflega tveimur áratugum sem liðnir eru síðan bók þeirra Smith og Watson kom út hafa bæst við mörg hugtök yfir sjálfsæviskrif; á lista þeirra er til að mynda ekki að finna gjörningævisöguna (e. *performative biography*) sem er eitt af nýjustu hugtökunum. Sjá til dæmis Jon Helt Haarder, *Performativ biografisme. En hovedstrømning i det senmoderne skandinaviske litteratur*, Kaupmannahöfn: Gyldendal, 2014.

²⁵ Þýðingar á hugtökunum eru eftir greinarhöfund.

²⁶ Sidonie Smith og Julia Watson, *Reading Autobiography*, sjá fyrsta kafla bókarinnar.

sjálfsæviskrifa náði mikilli útbreiðslu og vinsældum á Vesturlöndum og hugtakið er flestum lesendum tamt.

Sjálfsævisögur og ævisögur

Sidonie Smith og Julia Watson ítreka þann grundvallarmun sem sé á ævisagnaritun annars vegar og *sjálfsæviskrifum* hins vegar. Sá sem skrifar ævisögu annars einstaklings vinnur úr heimildum sem hann þarf að meta og túlka og sjónarhorn höfundar er ætíð utan við viðfangið, þá persónu sem verið er að skrifa um. Sá sem skrifar lífssögu sína sjálfur býr hins vegar ætíð yfir tvöföldu sjónarhorni; hann getur „séð“ sig bæði „að utan sem að innan“, lýst bæði innra lífi og ytri atburðum þótt hann kjósi að beita fyrir sig annarrar eða þriðju persónu frásögn, eins og dæmi eru um. Þetta mætti líka orða þannig að *sjálfsverund* (e. *subjectivity*) verði aðeins tjáð af þeim sem sjálfur skrifar um sig; ævisagnaritarinn getur ekki tjáð sjálfsverund viðfangs síns þótt hann geti mögulega getið sér til um ýmislegt út frá fyrirliggjandi heimildum. Paul John Eakin sér tvöfeldni sjálfsins út frá enn öðru sjónarhorni en hann bendir á að það sjálf sem birtist okkur á síðum sjálfsæviskrifa sé byggt ofan á annað sem þegar er til staðar (e. *doubly constructed*); með öðrum orðum þá er það til orðið ekki aðeins í frásögninni heldur einnig áður á lífsleiðinni og það sé yfirleitt á seinni hluta þeirrar leiðar sem sjálfsæviskrifin eigi sér stað.²⁷ Slík tvöfeldni kemur glögglega í ljós til að mynda í bókum Þórbergs Þórðarsonar, *Íslenzkum aðli* og *Ofvitanum*, þar sem munurinn á yngra og eldra sjálfi Þórbergs skapar víða rof í frásögninni sem fæðir af sér íróniú.

Sidonie Smith og Julia Watson benda einnig á að um tíma og tímasetningu gilda önnur lög máli í tilviki ævisagnaritunar en hjá þeim sem skrifar um eigið líf. Þannig getur ævisagnaritari skrifað um látinn mann, en eðli málsins samkvæmt er dauðinn hinn óhjákvæmilegi endapunktur á starfi hins. Sjálfsæviskrif er auðvitað hægt að gefa út eftir andlát viðkomandi höfundar en skriftunum lýkur við andlát hans. Hér mætti þó spyrja hvernig beri að flokka sögur á borð við *Sögu-kafla af sjálfum mér* eftir Matthías Jochumsson. Matthías skrifar verkið sem sjálfsævisögu en lauk henni ekki. Tveimur árum eftir andlát hans (1922) var bókinn gefin út af syni hans. Steingrími Matthíassyni, sem „ritstýrir“ textanum að vild, fellir úr, umraðar brotum og svo framvegis. Slík iðja er reyndar ekkert einsdæmi og sú spurning vaknar hvort verk sem þannig eru tilkomin hljóti ekki að riðla á einhvern hátt ofanefndri flokkaskiptingu.²⁸

²⁷ Paul John Eakin, *How Our Lives Become Stories. Making selves*, Ithaca og London: Cornell University Press, 1999, bls. ix.

²⁸ Sjá nánar Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, „Allt lífið, öll tilveran er órekjandi vefur. Um sjálfsævisögu Matthíasar Jochumssonar“, *Einsagan – ólíkar leiðir. Átta ritgerðir og eitt mynd-*

Annað atriði sem undirstrikar muninn á starfi ævisagnaritarans og þess sem skrifar um eigið líf mætti kalla *sönnunargögn*. Undir sönnunargögn falla allar þær heimildir sem nýttar eru við ritunina og það er afar sjaldgæft að ævisagnaritarar noti sínar eigin persónulegu minningar um viðkomandi þótt undantekningar frá því finnist, til að mynda þegar höfundur er tengdur viðfangi sínu fjölskylduböndum. Persónulegar minningar eru hins vegar aðalheimildir og aðalsönnunargögn þess sem skrifar sína eigin sögu. Og jafnvel þótt viðkomandi hafi aðgang að ótal öðrum heimildum – sögulegum, opinberum og persónulegum (bréfum, dagbókum, ljósmyndum) – þá notar hann þær venjulega fyrst og fremst til að styðja við sína eigin persónulegu sýn á tilveruna. En miklar vangaveltur og deilur hafa risið um eðli minninga og spurt að því hvort yfirhöfuð sé hægt að reiða sig á slík ‘sönnunargögn’. Segja má að umræður um minni (og gleymsku) sé eitt fyrirferðarmesta undirsvið æviskrifarannsókna.

Sjálfsævisögur og skáldsögur

Sidonie Smith og Julia Watson ræða einnig muninn á sjálfsæviskrifum og skáldsögum þótt þær viðurkenni jafnframt að þessi tvö gervi bókmenntanna eigi ótalmargt sameiginlegt, svo sem stílleg og frásagnarleg atriði á borð við samtöl, sviðsetningar og persónulýsingar.²⁹ Það einfaldar heldur ekki málið að margir samúmahöfundar gera sér að leik að rjúfa (ímynduð) landamæri á milli bókmenntagerva. Eigi að síður vilja þær greina hér á milli og telja að með því að skoða muninn á milli þessara tveggja bókmenntagerva sé hægt að verða nokkurs vísari um hið sjálfsvísandi eðli sjálfsæviskrifa.³⁰ Þær benda á að þrátt fyrir að margar af frægustu skáldsögum nítjándu og tuttugustu aldar séu skrifaðar í sjálfsævisögulegu formi sem fyrstu persónu frásögn aðalpersónunnar (til dæmis *David Copperfield*, *Jane Eyre*, *Catcher in the Rye*) þá sé nafn aðalpersónunnar og nafn höfundar á bókarkápu ekki það sama og þar með viti lesandinn að hann sé með skáldsögu í höndunum en ekki sjálfsævisögu.³¹ Í öðru lagi nefna þær tímanna. Skáldsagnahöfundur hefur frelsi hvað varðar tímann, hann er óbundinn af sögulegum tíma, getur látið söguna gerast í fortíð, nútíð eða óráðinni framtíð, en sá sem skrifar um líf sitt verður að njörva frásögnina niður í sinn eigin samúma og er einnig bundinn af landfræðilegri staðsetningu og menningarlegu umhverfi. Skáldsagnahöfundurinn verður aðeins að mæta kröfum lesandans um

listarverk, ritstjórar Erla Hulda Halldórsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1998, bls. 171–193.

²⁹ Sidonie Smith og Julia Watson, *Reading Autobiography*, bls. 7.

³⁰ Sama heimild, sama stað.

³¹ Sama heimild, bls. 8.

innra samhengi í þeim tilbúna heimi sem hann skapar í verki sínu en sá heimur sem skapaður er í sjálfsævisögulegu verki verður að hafa áþreifanlega tengingu við hinn sögulega raunheim utan þess.³²

Sjálfsævisögur og sagnfræði

En hvað með sjálfsæviskrif og sagnfræði? Samband sagnfræðinga við æviskrif hefur lengst af einkennst af mótsögnum og togstreitu en það er afar áhugavert að skoða það út frá fræðilegu sjónarhorni. Í afstöðu sagnfræðinga til æviskrifa koma í ljós flest þau fræðilegu álitamál sem þeir sem stunda rannsóknir á fortíðinni standa frammi fyrir. Sagnfræðingar hafa löngum tekist á um (nota)gildi persónulegra heimilda við sagnfræðirannsóknir og þær umræður og deilur draga skýrt fram ólíkar áherslur í viðhorfum fræðimanna á mismunandi tímum. Það er fróðlegt fyrir bókmenntafræðinga að skoða viðhorf sagnfræðinga til fræðasviðsins en um leið blasir við hversu ólíkum augum þessir tveir hópar fræðimanna líta á sjálfsæviskrif og hversu ólíkar greiningaradferðir þeirra eru; enda eru forsendur bókmenntafræðinga og sagnfræðinga í flestum tilvikum gjörólíkar þegar kemur að textagreiningu.³³ Ævisagnaritun hefur reyndar fylgt sagnfræðinni allt frá upphafi fræðigreinarinnar og fjölmargir sagnfræðingar hafa lagt stund á slík skrif þar sem notkun persónulegra heimilda er í forgrunni. Svokölluð persónusaga var lengst af einn gildasti þáttur íslenskrar sagnfræði en lét undan síga fyrir félagssögu á síðari hluta tuttugustu aldar.

Á undanförunum árum hefur mátt merkja aukinn áhuga meðal íslenskra sagnfræðinga á æviskrifum, einkum meðal þeirra sem stunda einsögurannsóknir. Sagnfræðingar tala gjarnan um „persónulegar heimildir“ og undir þann „heimildaflokk“ falla sjálfsævisögur, dagbækur, bréf og önnur skrif þar sem einstaklingar skrifa um líf sitt, samtíma sinn og umhverfi. Eins og bent var á hér að framan sýnir orðið „heimild“ glögglega muninn á aðferðum sagnfræðinga og bókmenntafræðinga þegar sjálfsæviskrif eru greind. Sagnfræðingar nálgast sjálfsæviskrif fyrst og fremst sem heimildir um einstaklinga, atburði og hugmyndafræði og spá í „notagildi“ þeirra sem heimilda í sagnfræðilegum rannsóknum. Tilgangur þeirra er að viðkomandi heimild varpi einhverju ljósi á

³² Sama heimild, bls. 9.

³³ Þess má geta að á undanförunum árum hefur nokkur breyting orðið á viðhorfum margra sagnfræðinga til heimildagildis bókmenntatexta og helst það í hendur við breytta afstöðu til sannleikshugtaksins í sagnfræðilegum skrifum. Sjá til að mynda Leif Söndergaard, „Relations between Real and Fictional worlds“, *Fact, Fiction and Faction*, Odense: University Press of Southern Denmark, 2010, bls. 75–97 og Sigurður Gylfi Magnússon, *Fortíðardraumar. Sjálfsbókmenntir á Íslandi*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004 og *Sjálfsögur. Minni, minningar og saga*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2005.

fortíðina – eða viðfangsefnið hverju sinni – og er því krafan um trúverðugleika í forgrunni. Heimildin verður að nýtast sem sönnunargagn, eins og áður var á minnst. Bókmenntafræðingar nálgast sjálfsæviskrif hins vegar á forsendum skáldskaparfræða fyrst og fremst, spurningar sem varða sjálfsskilning höfundarins sem og hugmyndaheim og fagurfræði textans eru þeim yfirleitt ofar í huga en spurningar sem varða heimildagildi og trúverðugleika. Bókmenntafræðingar greina sjálfsæviskrif á svipaðan hátt og þeir greina skáldverk, hugað er að þáttum á borð við formgerðareiginleika og frásagnarhátt, sjálfsmýndir, hugmyndafræði, þemu og stíl, svo fátt eitt sé nefnt. Vissulega draga þeir einnig ályktanir um einstaklinginn, samfélag hans og hugsun af greiningu sinni á æviskrifum og setja þær í sögulegt og bókmenntasögulegt samhengi, líkt og þeir gera við skáldskapargreiningu. Heimilda- og notagildi sjálfsæviskrifa hefur hins vegar lengi verið umdeilt meðal sagnfræðinga og í þeirra röðum eru bréf og dagbækur til að mynda taldar áreiðanlegri heimildir en sjálfsævisögur þar sem bréf og dagbækur teljast samtímaheimildir ólíkt sjálfsævisögum sem eru oft skrifaðar mörgum árum eða áratugum eftir að þeir atburðir sem þar er lýst hafa átt sér stað.³⁴ Þennan mun á viðhorfum og aðferðum sagnfræðinga og bókmenntafræðinga má til að mynda merkja í bókum Sigurðar Gylfa Magnússonar sagnfræðings, *Fortíðardraumar: sjálfsbókmenntir á Íslandi* (2004) og *Sjálfssögur: minni, minningar og saga* (2005) en Sigurði Gylfa er þar údrætt um hvernig „nýta“ megi sjálfsævisögur sem heimildir³⁵ og að persónulegar heimildir séu „vannýttar“ í íslenskri sagnfræði.³⁶

Um ræðan um heimildagildi sjálfsævisagna í sagnfræði er reyndar áratuga-gömul. Árið 1960 birti þýski sagnfræðingurinn Wilhelm Dilthey umdeilda bók þar sem hann hvatti sagnfræðinga til að nýta sér sjálfsævisögur við sagnfræðirannsóknir. Dilthey gekk svo langt að skilgreina sjálfsævisöguna sem „æðsta og mest fræðandi form frásagnar þar sem lesandi gæti öðlast skilning á lífinu“.³⁷ Hvatning

³⁴ Sjá til dæmis Erla Hulda Halldórsdóttir, „Hver veit nema þessar gömlu, gleymdu konur hafi átt sjer sögu?“, *Íslenska söguþingið 28.-31. maí 1997: Ráðstefnurit II*, ritstjórar Guðmundur J. Guðmundsson og Eiríkur K. Björnsson, Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðingafélag Íslands, 1998, bls. 38–46, hér bls. 38–41; Jón Jónsson og Sigurður Gylfi Magnússon, „Heimskuleg spurning fær hádulegt svar. Orð og æði – minni og merking“, *Íslenska söguþingið 28.-31. maí 1997: Ráðstefnurit II*, bls. 47–56, hér bls. 47 og Sigurður Gylfi Magnússon, *Fortíðardraumar*, bls. 20.

³⁵ Sjá til dæmis Sigurður Gylfi Magnússon, *Fortíðardraumar*, bls. 30, 37–41 og víðar.

³⁶ Sama heimild, bls. 35.

³⁷ Wilhelm Dilthey, *Pattern and Meaning in History*, 1960. Enski textinn hljóðar þannig: „autobiography [is] the highest and most instructive form in which the understanding of life comes before us“. Sjá umfjöllun Sidonie Smith og Julia Watson, *Reading Autobiography*, bls. 111–119.

Dilthey og skilningur hans á eðli sjálfsævisögunnar hefur vafalaust höfðað meira til bókmenntafræðinga en sagnfræðinga. Sidonie Smith og Julia Watson leggja hins vegar áherslu á að sjálfsæviskrif birti fyrst og fremst *sögu hinnar skrifandi hugveru* en varasamt sé að líta á þau sem *sagnfræðileg gögn* (e. *historical record*).³⁸

Tilraunir fræðimanna til skilgreininga

Einn af frumkvöðlum fræðilegrar umræðu um sjálfsævisögur er Frakkinn Philippe Lejeune. Hann hefur á undanförunum áratugum gert nokkrar atrennur að skilgreiningu eðlisþátta sjálfsævisögunnar. Í bókinni *Sjálfsævisagan í Frakklandi* (*L'Autobiographie en France*) (1971) setti hann fram þá skilgreiningu að sjálfsævisagan væri *rituð frásögn í óbundnu máli þar sem raunveruleg persóna lítur til baka yfir eigið lífshlaup og beinir athyglinni sérstaklega að þróun persónuleikans*.³⁹ Ef við máttum þessa skilgreiningu til dæmis við bækur Þórbergs Þórðarsonar kemur í ljós að þær falla engan veginn að henni. Þórbergur byggir verk sín yfirleitt á stuttum tímabilum úr ævi sinni, hann lítur sjaldnast yfir lífshlaup sitt í heild út frá línulegum tíma (slíkur tími er innbyggður í skilgreiningu Lejeune) og ekki er heldur hægt að segja að hann beini athyglinni sérstaklega að „þróun persónuleikans“ nema í Suðursveitarbókunum þar sem hann skoðar samspil barnshuga, umhverfis og náttúru. Í *Sálminum um blómið* er athyglinni beint að annarri persónu, barninu Lillu Heggu, og er því blendingur af ævisögulegum og sjálfsævisögulegum texta. Í þessum bókum má segja að fjallað sé um hvernig barn uppgötvar heiminn og myndu sumir tala um „þróun persónuleikans“ en aðrir um „tilurð sjálfsins“.

Nokkrum árum síðar fellur Philippe Lejeune frá svo eindreginni skilgreiningu á sjálfsævisögunni, enda hafði áhugasvið hans víkkað og fól nú ekki aðeins í sér útgefnar „bókmenntalegar“ sjálfsævisögur heldur alls konar sjálfsævisögulega texta óbreyttra borgara úr öllum þjóðfélagshópum, af öllum stéttum og eftir bæði karla og konur.⁴⁰ Frammi fyrir slíkri fjölbreytni fellur ofangreind skilgreining Lejeune um sjálfa sig og hann gerir drög að nýrri: *Verkið verður fyrst og fremst*

³⁸ Þær tala um „history of the writing/speaking subject“, sjá Sidonie Smith og Julia Watson, *Reading Autobiography*, bls. 10.

³⁹ Philippe Lejeune, *L'Autobiographie en France*, 1971. Sjá umræðu og enska þýðingu á skilgreiningu Lejeune í Sidonie Smith og Julia Watson, *Reading Autobiography*, bls. 1. Sjá einnig Gunnþórunn Guðmundsdóttir, „Skáldað um líf. Sjálfsævisögur sem bókmenntagrein á tímum póstmóðernisma“, *Skírnið* vor/2003, bls. 109–125, hér bls. 110–111 og Soffía Auður Birgisdóttir, „Skáldaævisagan. Tilraun til skilgreiningar á bókmenntagrein“, *Skítma. Málgaðni móðurmálskenndara*, 2/2004, bls. 41–44, hér bls. 41–42. Eftirfarandi texti er að hluta samhljóða síðastnefndu grein minni.

⁴⁰ Sjá vefsíðu Philippe Lejeune, „Reading autobiographical texts with APA“, 2002, sótt 15. ágúst 2024 af https://www.autopacte.org/Reading_autobiography_with_APA.html.

að uppfylla eitt grundvallarskilyrði til að geta kallast sjálfsvísaga: þrenningin höfundur, sögumaður og aðalpersóna verður að tilheyra sama einstaklingi eða vera af einu og sama sjálfi (e. *identity*) sprottin.⁴¹ Við fyrstu sýn virðist þessi einfalda krafa vera illhrekjanleg. En hún hefur eigi að síður verið margdregin í efa í fræðilegri umræðu. Breski bókmenntafræðingurinn Linda Anderson hefur til að mynda bent á að þetta „þrí-eina“ sjálf sé alltaf tilbúningur höfundarins og sé ætíð markað af fyrirretlan eða tilgangi (e. *intention*) hans.⁴² Með öðrum orðum þá er sögumaður og aðalpersóna sjálfsvísisögu alltaf *sköpunarverk* tiltekings höfundar sem ákveður hvernig hann byggir upp – eða afbyggir – sjálfið í tungumálinu og tekur (meira eða minna) meðvitaða ákvörðun um hverju hann lýsir í skrifunum og hverju hann þegir yfir.

Ef við íhugum þessa kröfu Lejeune með hliðsjón af skrifum Þórbergs Þórðarsonar má segja að aðalpersóna *Ofvitans* og *Íslenzks aðals* sé ekki sá sami Þórbergur og gegnir hlutverki sögumanns í þessum bókum, hvað þá sá sem mörgum árum síðar stýrir pennanum og er skráður höfundur textans. Þótt þeir heiti allir Þórbergur nægir *nafnið* eitt og sér ekki til að skapa samsömun á milli þessara þriggja aðila, það kemur ekki í stað *sjálfsins*. Minna má á það samband *fjarlægðar* og *reynslu* sem er milli persónunnar Þórbergs unga og sögumannsins Þórbergs eldri. Það samband er meðal annars markað þeim tilgangi höfundarins að sýna þann fyrrnefnda í skoplegu ljósi.⁴³ Ef aðalpersónan Þórbergur ungi er síðan borinn saman við þann nafna sinn og jafnaldra sem birtist í dagbókum og öðrum óbirtum ritum Þórbergs Þórðarsonar sem varðveitt eru á handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns má sjá enn skýrar hvernig tilgangur höfundar *Ofvitans* og *Íslenzks aðals* er ekki endilega að „lifga“ dagbókar-Þórberginn við í texta áðurnefndra bóka og ber þar allmikið í milli, eins og áður hefur verið rætt. Sú samsömun á milli allra þriggja aðilanna – höfundar, sögumanns og aðalpersónu – sem Lejeune gerir kröfu um er með öðrum orðum varla til staðar í þessum bókum. Þær Sidonie Smith og Julia Watson bæta reyndar einum þætti við þegar þær ræða um eðli persónufornafnsins „ég“ í sjálfsvískrifum. Það ég sem birtist í slíkum skrifum (e. *the autobiographical I*) er að þeirra mati samsett af fjórum þáttum:

⁴¹ Philippe Lejeune, „The autobiographical contract“, bls. 193.

⁴² Linda Anderson, *Autobiography*, bls. 2.

⁴³ Hér má benda á grein Sigríðar Rögnvaldsdóttur, „Brotin heimsmýnd. Um sýnd og reynd í *Íslenzkum aðli* og *Ofvitnum*“, *Tímarit Máls og menningar* 3/1981, bls. 291–306. Þar fjallar hún meðal annars um hvernig „mynd lesandans af Þórbergi unga [mótast] af samspili tveggja mismunandi sjónarhorna. Annað mætti kalla innra sjónarhorn eða hugmyndir sögupersónunnar um sjálfa sig en hitt sjónarhornið, sem gæti þá heitið hið ytra, byggist á aðferð sögumannsins við að segja frá sjálfum sér ungum, það er að segja þeirri mynd sem hann dregur upp með frásögn sinni í heild“, bls. 294. Eins og sjá má af þessari tilvitnun gerir Sigríður þó ekki greinarmun á sögumanni og höfundi.

Hið „raunverulega“, sögulega „ég“ (e. *The “real” or historical “I”*)
 „Ég“ frásagnarinnar/sögumaðurinn (e. *The Narrating “I”*)
 „Ég“ sem sagt er frá/aðalpersóna (e. *The Narrated “I”*)
 Hið hugmyndafræðilega „ég“ (e. *The ideological “I”*)⁴⁴

Fjórði þátturinn sem þær bæta við, hið hugmyndafræðilega „ég“, er sú menningarlega hugmynd um *persónuleikann* (e. *personhood*) sem er ráðandi á ritunartíma viðkomandi texta. Sögulegar og hugmyndafræðilegar skilgreiningar á *mannseðlinu*, *persónuleikanum*, *sjálfsverunni* setja óhjákvæmilega svip sinn á framsetningu sjálfins í sjálfsæviskrifum; sá sem skrifar kemst ekki undan því að verða fyrir áhrifum frá þeim tíma sem hann lifir. Hin mismunandi hugtök benda einmitt á mismunandi menningarlegt og tímalegt samhengi. Þetta hugmyndafræðilega „ég“ er að finna „alls staðar og hvergi“ í textanum í þeim skilningi að það er svo inngróid í þann sem skrifar og menningu hans að svo virðist sem um náttúrleg og algild atriði sé að ræða. Hér verður þó að hafa í huga að hið hugmyndafræðilega „ég“ er ekki aðeins eitt á hverjum tíma, heldur þvert á móti fjölbreytilegt og skipta þar máli þættir eins og kyn, staða og stétt þess sem skrifar.⁴⁵

Í þriðju tilraun sinni til að skilgreina sjálfsævisöguna dregur Philippe Lejeune enn í land og talar nú einfaldlega um samning eða sáttmála (e. *contract*) á milli höfundar og útgefanda annars vegar og lesanda hins vegar um hvað sjálfsævisaga er. Í sáttmálanum felst að höfundur og lesandi fallast á að *samsömun sé á milli nafns höfundar á bókarkápu, nafns sögumanns frásagnarinnar og aðalpersónu hennar*.⁴⁶ Þetta er annað tveggja sem greinir sjálfsævisöguna frá skáldsögunni, að mati Lejeune, að aðalpersóna verksins á fæðingardag og kennitölu sameiginlegt með „höfundi sínum“ og lesandi fellst á að svo sé. Hinn þáttur sáttmálans snýr að útgefanda bókarinnar. Höfundur og útgefandi votta báðir að *undirskriftin* sé rétt – og hér er orðið undirskrift (e. *signature*) að sjálfögðu táknræn fyrir sönnunarbyrði textans. Þegar útgefandi og höfundur hafa sent frá sér bók þar sem staðhæft er að höfundur, sögumaður og aðalpersóna séu af sama bergi brotin þá lítur lesandinn á efnið sem sjálfsævisögu. Af því leiðir að hann les það og metur á annan hátt en ef hann væri að lesa skáldsögu. Lesandinn gerir kröfu um að bókin innihaldi „sannleika“ sem hann myndi (yfirleitt) ekki gera til skáldskapar; hann gerir

⁴⁴ Sidonie Smith og Julia Watson, *Reading Autobiography*, bls. 59.

⁴⁵ Sjá nánar sömu heimild, bls. 61–63 og einnig Paul Smith, *Discerning the Subject*, Minneapolis: University of Minnesota Press, 1988.

⁴⁶ „What defines autobiography for the one who is reading is above all a contract of identity that is sealed by the proper name. And this is true also for the one who is writing the text.“ Philippe Lejeune, „The Autobiographical Pact“, *On Autobiography*, ritstjóri Paul John Eakin, Minneapolis: University of Minnesota Press, 1989, bls. 19.

kröfu um heiðarleika bæði höfundar og útgefanda hvað varðar „áreiðanleika“ verksins. En eins og dæmin sanna geta þessi atriði – það er sannleikurinn og heiðarleiki höfundar/útgefanda – reynst vafasöm og út hafa komið „sjálfsævisögur“ sem reyndust uppspuni frá rótum, þegar að var gáð.⁴⁷ Þá má bæta við að mörg dæmi eru um að lesendur andmæli skáldsagnatexta sé hann byggður „á atburðum sem gerðust og fólki sem lifði og dó“.⁴⁸

„Þetta er því skáldævisaga“

Með ofangreindar skilgreiningar í huga er ljóst að margar af þeim bókum sem út hafa komið á undanförunum áratugum, bæði hérlendis og erlendis – og falla í flokk sjálfsæviskrifa – geta vart fallið í flokk *sjálfsævisagna*. Hér á hugtakið skáldævisaga betur við. Hugtakið á rætur að rekja til formálsorða *Faðir og móðir og dulmagn bernskunnar* eftir Guðberg Bergsson. Guðbergur gerir grein fyrir forsendum hugtaksins á eftirfarandi hátt:

Skáldskapur er ekki sannur vegna þess að efnið sem hann fjallar um hafi gerst í raun og veru og sé rétta lýsingin á því eða það falli að almennum hugmyndum um hvað það er að segja sannleikann, heldur er vottur af sannleika í honum ef verkið er hvort tveggja samið af löngun og getu höfundar til að bera vitni því sem hann telur vera satt, séð frá eigin sjónarhóli.

Ævisögur eru ekki til, strangt á titið, því fátt glatast jafn algerlega og ævi manns, þannig að aðeins er hægt að færa í letur löngun hans til að varðveita andblæ hennar í orðum.

Einnig er það að atburðir sem slíkir gerast bara einu sinni á ævinni, en eftir það geta þeir gerst hvað eftir annað og með ýmsum og ólíkum hætti í huga manns sjálfs og þeirra sem hafa heyrt um þá.

Þetta verk er sagnfræðilega rangt. Því er einungis ætlað það hlutverk að vera nokkurn veginn rétt, tilfinningalega séð, hvað höfundinn varðar. Þetta er því skáldævisaga.⁴⁹

⁴⁷ Sjá til dæmis Gunnþórunn Guðmundsdóttir, „Blekking og minni. Benjamin Wilkomirski og helfararfrásagnir“, *Ritið* 3/2006, bls. 39–51.

⁴⁸ Hér er vísað í aðfaraorð Hallgríms Helgasonar að skáldsögunni *Konan við 1000°: Herbjörg María Björnsson segir frá* (2011) en um hana spunnust miklar deilur sem snerust um sannleiksgildi verksins, sem og ýmis síðferðileg álitamál sem ættingjar fyrirmyndarinnar að titilpersónunni viðruðu í kjölfar útgáfu skáldsögunnar. Sjá til dæmis Guðrún Jónsdóttir, „Tólfsta lífið“, 21. janúar 2012 á vefsíðu *Vísis*, sótt 15. ágúst 2024 af <https://www.visir.is/g/2012701219993/f/f/skodanir>.

⁴⁹ Guðbergur Bergsson, „Formálsorð“, *Faðir og móðir og dulmagn bernskunnar*, Reykjavík: For-

Svipuð viðhorf til sambands skáldskapar og sannleika og Guðbergur setur þarna fram má finna hjá Þórbergi Þórðarsyni og Halldóri Laxness þegar þeir ræða sín eigin sjálfsvæisögulegu skrif.⁵⁰ Það sem skiptir mestu máli er að hér er lýst viðhorfi eða afstöðu höfundar til sjálfsvæiskrifa sinna. Afstaðan felst í því að höfundur telur ómögulegt að endurheimta ævina eins og hún var, eins og fram kemur í orðum Guðbergs; „fátt glatast jafn algerlega og ævi manns“ og „atburðir sem slíkir gerast bara einu sinni á ævinni“. Eigi að síður er skáldævisagan „nokkurn veginn rétt, tilfinningalega séð“.

Slíkar efasemdir um möguleika höfunda til að kalla fram liðna atburði í texta og segja „sannleikann“ hafa verið mjög áberandi undanfarna áratugi meðal þeirra sem skrifa sögulegar skáldsögur – eða skáldsögur byggðar að hluta til á sögulegum efnivið – sem og þeirra sem skrifa um eigin ævi. Leikur með hin óljósu mörk sagnfræði og skáldskapar hefur færst í aukana innan margra bókmenntagerva og oft á tíðum skapað heitar umræður.⁵¹ Gunnþórunn Guðmundsdóttir bendir á að í sjálfsvæiskrifum megi „merkja ákveðna áherslubreytingu hvað þetta varðar, þar sem höfundar neita að velja á milli þessara tveggja greina og koma sér þess í stað þægilega fyrir á mörkum sagnfræði og skáldskapar.“⁵² Gunnþórunn er þó ekki hrifin af hugtakinu skáldævisaga því hún telur „að hugtakið sjálfsvæisaga nái yfir tilraunir með formið, auk þess sem [hún] er ekki viss um að gagnlegt sé að taka burt „sjálfið“ úr heitinu“.⁵³ Reyndar er ljóst að hugtakið sjálfsvæisaga náði ekki yfir tilraunir með formið á þeim tíma sem verk á borð við *Íslenzkan aðal* og *Ofvitinn* komu fyrst út; sá blendingur „úr tilbúningi og sannsögli“ sem sjálfsvæiskrif Þórbergs eru vafðist til að mynda mjög fyrir Kristni E. Andrésyni og hafði áhrif á mat hans á bókum Þórbergs sem hann sagði að væru „eins konar skáldskapur á frumstigi“.⁵⁴ Einnig er ljóst að skilgreiningar Lejeune leyfa ekki heldur tilraunir með formið nema upp að vissu marki. Efalítið rúmast alls kyns tilraunir innan hugtaksins sjálfsvæisaga nú á dögum en jafn

lagið, 1997.

⁵⁰ Um þetta er fjallað í kaflanum „Sannleikur og leikur með hið sanna“ í bók minni *Ég skapa – þess vegna er ég. Um skrif Þórbergs Þórðarsonar*, bls. 43–63, sérstaklega bls. 56–58.

⁵¹ Góð umræða um þetta á sviði skáldsagnagerðar er í bók Jerome de Groot, *The historical novel*, London og New York: Routledge, 2010. Einnig má minna á umræður sem fylgt hafa í kjölfar útkomu íslenskra skáldsagna á borð við *Konan við 1000°* (2011) eftir Hallgrím Helgason og *Ósjálfrátt* (2012) eftir Auði Jónsdóttur.

⁵² Gunnþórunn Guðmundsdóttir, „Skáldað um líf“, bls. 109.

⁵³ Sama heimild, bls. 109, neðanmálgrein 4.

⁵⁴ Sjá Kristinn E. Andrésson, „Þórbergur Þórðarson. Ofvitinn“, *Tímarit Máls og menningar* 2/1940, bls. 243–247, hér bls. 245. Endurbirt í *Um íslenskar bókmenntir I*, Reykjavík: Mál og menning, 1970.

ljóst er að undirheiti á borð við hugtakið skáldævisaga, rétt eins og eldri hugtök á borð við varnarrit (e. *apology*) og endurminningar (e. *memories*), gagnast til nánari afmörkunar fyrir ákveðnar tegundir sjálfæviskrifa. Með hugtakinu skáldævisaga er komin fram hentug íslensk þýðing á hugtökum sem farið er að nota í erlendri umræðu um þessa tegund sjálfæviskrifa, eins og til dæmis *aesthetic autobiography*, *fictional autobiography* (á ensku), *autofiction* (á ensku og frönsku) og *selvfiksjon* (á norsku og dönsku). Þar er hugtakið *sjálf* enn innanborðs (*auto/ selv*) og efasemdir Gunnþórunnar um að gagnlegt sé að það hverfi úr heitinu eru allrar athygli verðar. Þó má benda á að í erlendri bókmenntaumræðu er einnig á ferðinni hugtak þar sem sjálfinu hefur verið úthýst og á við um texta sem blandar saman staðreyndum og skáldskap, *faction* – þar sem orðunum *fact* og *fiction* er slegið saman – og er notað yfir bæði sjálfævisögulega texta, sem og skáldsögur og sagnfræðirit.⁵⁵ Þá hafa ýmis blendingshugtök einnig komið fram í skáldsagnafræðum og sum þeirra fela ekki síður í sér þversögn en hugtakið skáldævisaga. Hér má nefna hugtök á borð við *non-fiction novel* og *creative non-fiction*.⁵⁶ Ein af þeim skilgreiningum sem vaxið hefur fiskur um hrygg undanfarin ár í æviskrifafræðum er tengd við gjörningalist og talað er um ævisögulega gjörninga (d. *performativ biografisme*).⁵⁷ Með þeirri skilgreiningu er lögð áhersla á þá *sviðsetningu sjálfins* sem einkennir sjálfæviskrif á síðustu áratugum og mætti í því sambandi nefna ýmis skrif Þórbergs Þórðarsonar um sjálfan sig og sín mörgu sjálf. Benda má á hugtakið „fjölmyndir“ sem hann smíðaði sjálfur í þessu samhengi.⁵⁸

Eru dagar sjálfævisögunnar taldir?

Í fræðilegri umræðu um sjálfæviskrif er gjarnan vísað til þess að fyrsta kynslóð fræðimanna sem rannsakaði slíka texta hafi lagt megináherslu á ævina (e. *bios*), það er að segja það lífshlaup sem lýst er í skrifunum.⁵⁹ Á þeim tíma var litíð á

⁵⁵ Sjá til dæmis Elin Beate Tobiassen, „Et hybrid monster. Om selvfiksjonens semantiske potensial“, *Edda. Nordisk tidsskrift for litteraturforskning* 3, Oslo: Universitetsforlaget, 2006, bls. 227 og Dines Jørgen Johansen og Leif Søndergaard ritstjórar, *Fact, Fiction and Faction*, 2010.

⁵⁶ *Nonfiction novel* er skilgreining sem rakin er til bandaríska rithöfundarins Trumans Capote og bókar hans, *Með köldu blóði* (*In Cold Blood*, 1965). Þetta bókmenntagervi er náskýlt heimildaskáldsögunni (e. *documentary novel*) og bent hefur verið á eldri verk en bók Capote sem falla undir þessa skilgreiningu. Sjá vefsíðu *Encyclopædia Britannica*, „Nonfiction novel“, án ártals, sótt 15. ágúst 2024 af <https://www.britannica.com/art/nonfiction-novel>

⁵⁷ Jon Helt Haarder, *Performativ biografisme*.

⁵⁸ Um þetta fjalla ég í kaflanum „Hinn slungni sálkönnuður. Fjölmyndasafn Þórbergs“ í *Ég skapa – þess vegna er ég. Um skrif Þórbergs Þórðarsonar*, bls. 201–228.

⁵⁹ Til fyrsta skeiðs rannsóknarsögunnar tilheyra skrif fræðimanna á borð við Georg Misch, William C. Spengemann og James Olney, sem nefndir hafa verið hér að ofan.

sjálfsævisöguna sem undirgrein ævisögunnar og aðalkrafan var að höfundurinn segði „satt og rétt“ frá æviferli sínum enda var lítið á frásögn hans sem sagnfræðilega heimild. Á þessu fyrsta skeiði æviskrifarannsóknna var sjálfslýsingin sem slík ekki viðfangsefnið en hún varð aftur á móti aðalatriðið með nýrri bylgju í rannsóknum á sjálfsævisögum þegar áherslan var færð frá æviferlinum yfir á *sjálfíð* (e. *auto*). Þessi áherslubreyting verður snemma á tuttugustu öld og nær hámarki um miðja öldina. Til að skýra þessa áherslubreytingu er gjarnan vísað til kenninga Karls Marx um stéttavitund, kenninga Sigmundar Freud um dulvitundina, sem og kenninga Ferdinands Saussure og annarra strúktúralista um tungumálið sem táknerfi. Fjöldi fræðimanna leiddi saman kenningar þessara þriggja manna í rannsóknum á sjálfinu og tengslum sjálfs(myndar) og tungumáls og nýr mannskilningur verður til; trúin á heildstætt sjálf hins frjálsa og meðvitaða einstaklings vikur og farið er að tala um samband sjálfs/vitundar og raunveruleikans. Þriðja bylgjan í rannsóknarsögu sjálfsæviskrifa færir áhersluna síðan yfir á síðasta liðinn í orðinu auto-bio-graphy, það er að segja á *skriftina* (e. *graphy*) eða *textann* sjálfan og lögmál hans. Þetta er ekki síst nálgun strúktúralista og póstrúktúralista sem ganga út frá því sem gefnu að sjálfíð sé skilyrt af tungumálinu, eigi uppruna sinn í því og sé undirlagt lögmálum tungumáls, dulvitundar og samfélagslegra reglna.

Í framhaldi af þessari þróun í rannsóknarsögu sjálfsæviskrifa liggur kannski beinast við að spyrja hvort nú sé runnin upp fjórða rannsóknarbylgjan og það sé sú sem hafni sjálfsævisögunni sem möguleika.⁶⁰ Erum við komin að endalokum sjálfsævisögunnar, eins og fræðimaðurinn Michael Sprinker heldur fram í grein sem hann nefnir „Fictions of the Self. The End of Autobiography“?⁶¹ Fleiri fræðimenn en Sprinker telja að dagar hugtaksins sjálfsævisaga/autobiography kunní að vera taldir í fræðilegri umræðu og er þá vísað til þeirrar hörðu gagnrýni sem það hefur sætt undanfarna áratugi úr röðum fræðimanna (ekki síst fræðikvenna) sem kenndir eru við póstmódernisma og eftirlendufræði. Gagnrýnin beinist fyrst og fremst að þeim þáttum sem þegar hafa verið nefndir; þeim takmörkunum og útilokunum sem felast í hefðarúrvalinu. Hin „kanónísku“ verk hafa hlotið yfirburðastöðu og umræða um þau hefur beint og óbeint stýrt fræðilegri umræðu í þrönga farvegi. Óhjákvæmilega hefur sú yfirburðastaða verið á kostnað margra annarra og fjölbreytilegri verka sem ekki hlutu náð fyrir augum fræðimannanna því þau féllu illa að þeim forsendum sem þeir sjálfir höfðu smíðað sér. Sérstaklega hefur verið bent á að skrif kvenna hafi orðið út undan þar sem þær

⁶⁰ Til gamans mætti benda á að það er ekkert eftir af orðinu auto-bio-graphy til að leggja áherslu á!

⁶¹ Michael Sprinker, „Fictions of the Self. The End of Autobiography“, *Autobiography: Essays Theoretical and Critical*, Princeton: Princeton University Press, 1980, bls. 321–342.

sjálfsmyndir sem liggja þeim til grundvallar eru alla jafna allt öðruvísi en sjálfsmyndir forrétindakarla. Það sama gildir um skrif ýmissa jaðarhópa.⁶² Þá hefur jafnframt verið bent á að það sé vafasamt að ætla að saga „einstaklingsins“ hafi almennt gildi því enginn einn geti talað fyrir munn allra. Breski bókmenntafræðingurinn Leigh Gilmore hafnar til að mynda hugtakinu sjálfsævisaga (e. *autobiography*) einmitt vegna slíkra útilokunarháttá bókmenntafræðilegrar umræðu og notar í staðinn hugtakið sjálfsævilýsingar (e. *autobiographics*).⁶³

Kannski er vafasamt að halda því fram að hugtakið *sjálfsævisaga* muni líða undir lok í íslenskrri fræðaumræðu um sjálfsæviskrif. Réttara er ef til vill að tala um að hugtakið *autobiography* sé í hættu þar sem það hefur sætt mikilli gagnrýni í fræðilegri umræðu beggja vegna Atlantshafsins. Það má þó minnst orða Halldórs Laxness; „sögu síns sjálfs getur einginn sagt, hún verður því meira þrúgl sem þú leggur meira á þig til að vera sannsögull“⁶⁴ og halda því fram að bæði hann og Þórbergur Þórðarson hafi hafnað skilgreiningunni sjálfsævisaga, líkt og Guðbergur Bergsson síðar. Halldór valdi að kalla sínar sjálfsævisögulegu bækur „essay rómana“ og Þórbergur talaði um „nýtt ritform“. Sé reyndin sú að hugtakið sjálfsævisaga eigi eftir að víkja mætti halda því fram að blendingshugtök á borð við hugtakið *skáldævisaga* hafi tekið við. Fjórða bylgja rannsóknarsögu sjálfsæviskrifa ætti þá samkvæmt þessu að snúast um slík skrif sem *skáldskap* spunninn úr minningum sem alltaf eru þegar umbreyttar og túlkaðar. Þegar litið er til rannsókna á sviði æviskrifa síðastliðinn áratug virðist þetta einmitt vera raunin.

⁶² Sjá um sérstöðu sjálfs/æviskrifa kvenna: *Women's Autobiography. Essays in Criticism*, ritstjóri Estelle C. Jelinek, Bloomington: Indiana University Press, 1980; *The Female Autograph. Theory and Practice of Autobiography from the Tenth to the Twentieth Century*, ritstjóri Domna C. Stanton Chicago: The University of the Chicago University Press, 1980; *The Private Self. Theory and Practice of Women's Autobiography*, ritstjóri Shari Benstock, London og New York: Routledge, 1988; Sidonie Smith, *A Poetics of Women's Autobiography. Marginality and Fictions of Self-Representation*, Bloomington: Indiana University Press, 1987; *Women, Autobiography, Theory. A Reader*, ritstjórar Sidonie Smith og Julia Watson, Wisconsin: University of Wisconsin Press, 1998; Ragnhildur Richter, „Þetta sem ég kalla „mig“, það er ekki til.“ Um sjálfsævisögu Málfríðar Einarsdóttur“, *Fléttur, rit rannsóknarstofu í kvennafræðum 1*, ritstjórar Ragnhildur Richter og Þórunn Sigurðardóttir, Reykjavík: Rannsóknastofa í kvennafræðum Háskóli Íslands og Háskólaútgáfan, 1994, bls. 115–155; Ragnhildur Richter, *Lafad í röndinni á mannfélaginu. Um sjálfsævisögur kvenna*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1997 og Ragnhildur Richter, „Formáli“, *Íslenskar konur. Ævisögur*, ritstjóri Ragnhildur Richter, Reykjavík: Mál og menning, 2002, bls. 7–20.

⁶³ Leigh Gilmore, *Autobiographics. A Feminist Theory of Women's Self-Representation*, Ithaca og London: Cornell University Press, 1994.

⁶⁴ Halldór Laxness, *Úngur eg var*, Reykjavík: Helgafell, 1976, bls. 236.

Hvers konar „bastarður“ er skáldævisagan?

Í erlendri bókmenntaumræðu er hugtakið *autofiction* rakið til franska rithöfundarins og bókmenntafræðingsins Serge Doubrovsky sem kynnti það til sögunnar árið 1977.⁶⁵ Bókmenntagervið sjálft er þó ekki franskt fyrirbæri; það kemur fram víða í hinum vestræna heimi á síðari hluta tuttugustu aldar en sækir mjög í sig veðrið um og upp úr aldamótum tuttugustu og fyrstu aldar. Norski bókmenntafræðingurinn Elin Beate Tobiassen fer vandlega í sögu hugtaksins og skilgreiningar á því í greininni „Et hybrid monster. Om selfiksjonens semantiske potensial“ frá árinu 2006. Íslensk þýðing á titli greinarinnar gæti verið: „Bastarður. Um merkingarlega möguleika skáldævisögunnar.“⁶⁶ Líkt og á Íslandi ríkir ekki sátt meðal fræðimanna erlendis um hugtakið, eins og minnst hefur verið á. Elin Beate Tobiassen bendir á að um fá ný hugtök í bókmenntafræðum hafi verið meira skrifað undanfarin ár og erfitt virðist að ná sátt um skilgreiningu á því.⁶⁷ Sumir leggja það að jöfnu við sjálfsævisögulegar skáldsögur en aðrir telja að sérstaklega sé átt við sjálfsævisögur skálda.⁶⁸ Í grein frá árinu 2004 eftir Guðmund Andra Thorsson má sjá hvernig hann (mis)skilur hugtakið á þann veg að sérstaklega sé átt við sjálfsævisögur skálda. Að vera skáld er þó ekki nauðsynleg forsenda fyrir því að skrifa skáldævisögu – nema að við lítum svo á að höfundurinn verði óhjákvæmilega skáld með þeim gjörningi að skrifa skáldævisögu. Guðmundur Andri segir orðið „haglega smíðað“ og túlkar það sem orðaleik:

skáld(ævi)saga/ævisaga skálds/saga skáldævi/saga – en satt að segja verð ég að viðurkenna að ég kem ekki auga á annan grundvallarmun á minningum Guðbergs og til dæmis Tryggva Emilssonar eða Guðrúnar

⁶⁵ Serge Doubrovsky, *Fils*, Paris: Editions Galilée, 1977.

⁶⁶ Íslensk samheitaorðabók gefur upp orðin *lausaleiks barn* og *kynblendingur* sem samheiti yfir bastarð en lengi var litið niður á slíka einstaklinga og þeim ýtt út á jaðarinn. Lausaleiksbörn og kynblendingar ögruðu hefðbundnu og lögvernduðu sambúðarformi og brutu í bága við lögformlegt skipulag. Skemmtilegt er að draga upp hliðstæðu á milli lausaleiks og kynþáttablöndunar, annars vegar, og blendingsformsins skáldævisögu, hins vegar; í báðum tilvikum er fólgin viss uppreisn gegn lögum, reglum og hefð.

⁶⁷ Elin Beate Tobiassen, „Et hybrid monster“, bls. 228.

⁶⁸ Þegar ég hélt fyrirlestur með yfirskriftinni *Skáldævisaga* í Háskóla Íslands árið 2003 var fyrirsögninni breytt af prófarkalesara kynningarefnis í *Skáldaævisaga*, hann taldi víst að ég ætlaði að tala um ævisögur skálda en svo var ekki, aðalefnið voru tvær bækur um Ronald Reagan fyrirverandi Bandaríkjaforseta; annars vegar sjálfsævisaga hans *Where is the Rest of Me?* sem kom út árið 1965 (meðhöfundur Reagans að þeirri bók er Richard G. Hubler) og *Dutch. A Memoir of Ronald Reagan* eftir Edmund Morris sem kom út árið 1999 og vakti harðar deilur vegna skáldskaparþátta sem einkenndu verkið.

Borgfjörð en þann að Guðbergur er Guðbergur og hefur sinn auð-
þekktu tón en þau hin skrifa út frá sinni ævi og persónu.⁶⁹

Það er þó annar og meiri grundvallarmunur á minningaskrifum Guðbergs
annars vegar og þeirra Tryggva og Guðrúnar hins vegar og hann liggur í *afstöðu*
höfundarins til frásagnar sinnar og þeirri *aðferð* sem hann beitir. Ég hef áður lýst
þessu á eftirfarandi hátt:

Höfundur sem trúir því sjálfur að hann geti sagt sannleikann um líf sitt,
treystir á minni sitt, setur ævi sína fram á línulegan máta með upphaf
í bernsku, beitir raunsæislegum frásagnarhætti án mikillar stúlfærslu og
telur sig geta byggt upp í textanum heildstæða mynd af sjálfum sér og
umhverfi sínu – sá höfundur er að skrifa sjálfsævisögu.

Höfundur sem dregur sannleikann í efa (eða færir hann upp í æðra
veldi), viðurkennir (og vinnur með) brögðulleika minnisins, leysir upp
línulega, raunsæja frásögn með alls kyns rofi, eyðum og mótsögnum,
færir í stílinn, ýkir og afbyggir, sýnir okkur brot af ævi fremur en feril
frá bernsku, sýnir okkur splundraða sjálfsmynd í óræðu umhverfi, setur
markalínur úr skordum og allt á flot (jafnvel líkama og kyn) – sá höf-
undur er að skrifa skáldævisögu.⁷⁰

Þau einkenni sem ég lýsi hér á skáldævisögunni kynnu aðrir að vilja kenna við
póstmóðernískan leik að forminu. Eigi að síður eiga þessi einkenni sérstaklega
við sjálfsæviskrif og skilja sig frá hinni hefðbundnu sjálfsævisögu sem lýst er í
fyrri textabrotinu hér að framan.

„Hvers konar bastardur [„hybrid monster“] er hér á ferð?“ spyr Elin Beate
Tobiassen í áðurnefndri grein og setur í framhaldinu fram fjórar ítarlegri spurn-
ingar:

1. Er um að ræða bókmenntalegt fyrirbæri með rætur í póstmód-
ernisma eða hefur það alltaf verið til?
2. Hvað er það sem skilur á milli skáldævisögulegs texta og sögu-
legrar skáldsögu?

⁶⁹ Guðmundur Andri Thorsson, „Tilgangur, komdu, himinn. Hugleiðingar í kringum
þrjár sjálfsævisögur 2003“, *Tímarit Máls og menningar* 3/2004, bls. 51–59, hér bls. 52.

⁷⁰ Soffía Auður Birgisdóttir, „Skáldævisagan. Tilraun til skilgreiningar á bókmenntagrein“,
bls. 41.

3. Á hvaða hátt skilur skáldævisagan sig frá sjálfsævisögunni?
4. Er hægt að skilgreina skáldævisöguna sem nýtt bókmenntagervi eða tilhlaup í þá átt?⁷¹

Til að svara þessum spurningum og íhuga merkingarmöguleika skáldævisögunnar rýnir Tobiassen í þær skilgreiningar sem algengastar eru á fyrirbærinu í bókmenntafræðilegri umræðu og eiga rætur í Frakklandi.

Eins og áður er nefnt er hugtakið *autofiction* rakið til Serge Doubrovsky og þeir sem fylgja honum að málum líta á hina skáldævisögulegu aðferð sem nýjung innan sjálfsæviskrifa sem sprottin er upp úr póstmódernisma en einnig hefur hugtakið verið notað yfir nýjungar innan sögulegu skáldsögunnar. Hér er lítið á skáldævisöguna sem tiltölulega afmarkað form; fyrstu persónu frásögn sem er sett fram í skáldsöguformi þó að höfundurinn komi þar fram undir sínu eigin nafni og frásögnin taki mið af hans eigin reynslu og lýsi röð ævisögulegra atburða. Nærtækt er að vísa aftur í Guðberg Bergsson en í síðara bindi skáldævisögu sinnar, *Eins og steinn sem hafði fágur*, hnykkir hann á þeirri hugsun sem hann setti fram í formálsorðum fyrra bindisins þegar hann segist ekki vera að skapa eða endurskapa líf sitt eða ævi sína í bókinni heldur sé hann að skapa „hliðstæðan veruleika“; hliðstæðu sem sé tilfinningalega rétt hvað hann varðar: „Ég leitaði lengi til að gá hvort einhvern tímann færi saman mynd sem kemur óvænt í hugann og veruleikinn“ skrifar Guðbergur og kemst að þeirri niðurstöðu að slíkt sé ómögulegt.⁷² Líkt og í tilviki Guðbergs er markmið Doubrovskys að setja spurningarmerki við samband sjálfsævisögulegrar frásagnar og sannleikans og benda á skáldskaparþátt slíkra frásagna. Hugtak Doubrovskys, *autofiction*, er sett fram sem nokkurs konar mótleikur við skilgreiningar Philippe Lejeune á sjálfsævisögunni og þá sérstaklega hugmynd hans um *sáttmála* höfundar og lesanda.⁷³ Doubrovsky sendi frá sér sjö skáldævisöguleg verk á árunum 1969–1999 sem allar eru merktar sem „roman“ á bókarkápu. Hann leggur hins vegar áherslu á að bækurnar séu byggðar á hans eigin ævi en hann hafi þurft að *endurskapa* þá ævi í skrifunum og það sé sú endursköpun sem hann kallar skáldævisögu/autofiction.⁷⁴ Hugtakið

⁷¹ „Hva slags hybrid monster dreier det seg om? Er selvfiksjonen et litterært fenomen med rotter i postmodernismen, eller har den tvert imot alltid eksisteret? Hva skiller egentlig den selvfiksjonelle tekstpraksisen fra den selvbiografiske roman? Og kan man når det gjelder selvfiksjonen snakke om en ny sjanger, eller et tilløp til sådan?“ Elin Beate Tobiassen, „Et hybrid monster“, bls. 228.

⁷² Guðbergur Bergsson, *Eins og steinn sem hafði fágur*, Reykjavík: Forlagið, 1998, bls. 405.

⁷³ Elin Beate Tobiassen, „Et hybrid monster“, bls. 228.

⁷⁴ Sama heimild, bls. 229.

autofiction kemur fyrst fram á baksíðu bókar hans *Fils*, sem kom út árið 1977: „Sjálfsævisaga? Nei [...] Skáldskapur um atburði úr raunveruleikanum; skáldævisaga (autofiction), ef svo mætti segja, þar sem tungumálið miðlar atburðunum með því að miðla sinni eigin tilurð.“⁷⁵

Doubrovsky leggur áherslu á að það sem greini hinn skáldævisögulega texta frá hinum sjálfsævisögulega felist aðallega í tveimur þáttum. Í fyrsta lagi sé um að ræða frásögn sem leggur meiri áherslu á sjálfs-sálgreiningu en gert er í hefðbundnum sjálfsævisögum. Í því sambandi býður hann einnig upp á nýyrðið *autofiction* sem vísar til núnings og ágreinings; sundrunar í sálinni og sjálfsverunni og samræmist vel þeim skilningi á sjálfinu að það sé ekki heildstætt heldur brotkennt og sundrað.⁷⁶ Markmið Doubrovskys er einnig að benda á að sjálfs-sálgreiningin eigi sér stað í sjálfu skriftarferlinu. Í öðru lagi bendir hann á að sá sem skrifar skáldævisögu hafi meiri frelsi þegar kemur að stíl; viðkomandi leyfi sér meiri skáldskapartilþrif en almennt gerist hjá þeim sem skrifa hefðbundnar sjálfsævisögur. Vert er að geta þess að Philippe Lejeune tók mið af skrifum Doubrovskys við endurskilgreiningar sínar á sjálfsævisögunni þótt hann féllist ekki alfarið á hugtak hans og hafi kallað skilgreiningu hans „machiavelliska“.⁷⁷ Minna má á að það sama sagði Sigfús Daðason um aðferð Þórbergs Þórðarsonar; að hann iðki „nokkurs konar fagurfræðilegan machiavellisma og bragðvísi gagnvart lesanda“.⁷⁸ Svipuð skoðun kom fram hjá Birni Þorsteinssyni sem í ritdómi kallaði Þórberg „prettakarlinn“.⁷⁹

Leikur á landamærum sagnfræði og skáldskapar sem og ævisögu og skáldskapar hefur færst mjög í aukana á sviði íslenskra sem erlendra bókmennta á undanförunum árum og oft á tíðum skapað heitar umræður.⁸⁰ Þá er leikur með sjálfsmýndir, sem og hugleiðingar um óáreiðanleika minnisins og mörk sannleika og skáldskapar, mun meira áberandi í íslenskum sjálfsæviskrifum en áður.⁸¹ Það

⁷⁵ Sama heimild, bls. 230.

⁷⁶ Sjá umræðu um þetta í sömu heimild, bls. 229–230.

⁷⁷ Sama heimild, bls. 231.

⁷⁸ Sigfús Daðason, „Þórbergur Þórðarson“, *Andvari*, nýr flokkur XXIII, 1980, bls. 3–42, hér bls. 37.

⁷⁹ Björn Þorsteinsson, „Einar ríki. 1. bindi. Fagurt er í Eyjum.“ [Ritdómur], *Saga*, 1/1968, 147–149, hér bls. 148.

⁸⁰ Góð umræða um þetta á sviði skáldsagnagerðar er í bók Jerome de Groot, *The historical novel*.

⁸¹ Slíkar efasemdir birtust þó fyrst í sjálfsævisögu Matthíasar Jochumssonar, *Sögukaftar af sjálfum mér* (1922), enda hefur frásögn hans ýmis skáldævisöguleg einkenni og það sama má segja um *Degradvöl. Æfisaga mín* eftir Benedikt Gröndal (1923).

er slíkur leikur sem margir vilja kenna við ‚pretti‘ og ‚mahciavellisma‘ og í þeirri staðreynd kemur glögglega í ljós, eins og áður hefur verið minnst á, að það er í viðtökum lesanda sem helstu átakalínur umræðunnar liggja.

ÚTDRÁTTUR

Rannsóknir á sjálfæviskrifum hafa tekið mikinn kipp á síðastliðnum áratugum og fullyrða má að fá rannsóknarsvið hafa vaxið álíka hratt og æviskrifarannsóknir sé litið til vettvangs bókmenntafræða. Mörk skáldskapar og ævisögu hafa lengi verið dregin í efa og því viðhorfi að öll æviskrif séu óhjákvæmilega lituð skáldskap, og eins að allur skáldskapur byggji á ævisögulegri reynslu, er víða haldið á lofti. Í greininni er rakin saga rannsókna á æviskrifum, bæði á Íslandi og erlendis, með sérstöku tilliti til sjálfævisagna og skáldævisagna. Athyglinni er sérstaklega beint að fræðilegri umræðu um sjálfæviskrif, þróun umræðunnar á Vesturlöndum rakin og reifuð helstu deiluefni sem snerta óljós mörk ævi og skáldskapar, lífs og listar. Ejjallað er um mismunandi skilgreiningar á æviskrifum og rætt um tengsl á milli sjálfævisagna og skáldsagna, annars vegar, og sjálfævisaga og sagnfræði, hins vegar. Undir lokin eru reifaðar tilraunir eins áhrifamesta fræðimanns á þessu sviði, Philippe Lejeune, til að skilgreina sjálfævisöguna sem bókmenntaform en hann gerði þrjár tillögur að skilgreiningu á síðustu áratugum liðinnar aldar. Að lokum er spurt hvort dagar hinnar hefðbundnu sjálfævisögu séu taldir og skáldævisagan taki alfarið yfir.

Lykilorð: æviskrif, sjálfævisögur, skáldævisögur, rannsóknasaga

ABSTRACT

The Many Guises of Life-Writing: The Research-History of Autobiographical Writing Examined

This article aims to give an overview of the research history of autobiographical studies, but the field has been growing immensely in the past decades within literary studies. The boundaries between fiction and autobiography are constantly being questioned, and the claim that autobiographical writing is always coloured with fiction, and fiction is always grounded in autobiography is prevalent. The article particularly discusses the boundaries between art and life and describes how literary scholars, in Iceland and abroad, have grappled with different definitions of autobiography. Special attention is placed on the

SOFFÍA AUÐUR BIRGISDÓTTIR

notion of autofiction, which is an ever-growing genre of contemporary literature in the western world. Philippe Lejeune's attempts of defining autobiography as a genre are discussed, but he coined three definitions in the last decades of the 20th century. Finally, the question of "the end of autobiography" is raised.

Keywords: life-writing, autobiography, auto-fiction, research history

SOFFÍA AUÐUR BIRGISDÓTTIR

Vísindamaður hjá Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Höfn í Hornafirði
soffiab@hi.is